



Efni : Fljótsbakki 31 (L168303); umsögn um rekstrarleyfi; gisting

Beiðni um umsögn barst byggingarfulltrúa UTU frá sýslumanninum á Suðurlandi þann 19. mars 2024 þar sem óskað var umsagna um umsókn frá Birni Valdimarssyni f.h. Næði ehf., kt. 580997-2609, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II að í frístundahúsi að Fljótsbakki 31 (L168303) F2207213 í Grímsnes og Grafningshrepp. Beiðni sýslumanns var tekin fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 20. mars 2024 þar sem lagst var gegn útgáfu leyfis fyrir rekstur gististaðar í flokki II að Fljótsbakki 31 (L168303) F2207213.

Við mat á því hvort veita skuli jákvæða eða neikvæða umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fer fram mat á því hjá sveitarstjórn og byggingarfulltrúa hvort fyrirhugaður atvinnurekstur sé í samræmi við skipulagsskilmála, byggingarleyfi og eftir atvikum aðrar reglur. Umsögn sveitarfélagsins og byggingarfulltrúa vegna umsóknar um leyfi fyrir rekstur gististaðar í flokki II að Fljótsbakki 31 (L168303) F2207213 byggist því á ákvæðum gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins og deiliskipulags frístundasvæðisins.

Aðalskipulag

Aðalskipulag er skipulagsáætlun þar sem sett er fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur.

Í kafla 3.1.2 í greinargerð aðalskipulags Grímsnes og Grafningshrepp 2020-2032 þar sem fjallað er um frístundabyggð kemur fram að gera skal grein fyrir gististarfsemi í deiliskipulagi.

Deiliskipulag

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags þar sem teknar eru ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Við gerð deiliskipulags skal byggt á stefnu aðalskipulags og hún útfærð fyrir viðkomandi svæði eða reit.

Á frístundasvæðinu þar sem Fljótsbakki 31 (L168303) er staðsett, í landi Ásgarðs er í gildi deiliskipulag. Í deiliskipulagsskilmálum er ekki kveðið á um almenna heimild til atvinnureksturs á frístundasvæðinu né heimild til reksturs gististaðar.

Umsögn

Byggingarfulltrúi UTU byggir neikvæða umsögn um umsókn um leyfi fyrir rekstur gististaðar í flokki II að Fljótsbakki 31 (L168303) F2207213 á framangreindum skilmálum aðalskipulags Grímsnes og Grafningshrepps 2020-2032, þar sem ekki liggur fyrir sérstök heimild til atvinnurekstrar eða reksturs gististaða í deiliskipulagi.

Virðingarfyllst,
Davíð Sigurðsson
Byggingarfulltrúi